Óli rokkari

Texti: Jón Sigurðsson

Lag: Rosenberg og Wineman

Áður var svo friðsælt í sveit.
Engan stað á jörðu ég veit
yndislegri henni um vor,
aldrei dó þar nokkur úr hor.
Húfu bar þá hreppstjórinn
og hristi pottlu oddvitinn
með búfé á beit.
Upp í Brekku bjó hann Óli
undir brattri hlíð í skjóli.
Átti börn og buru og frú
áttatíu kindur og kú.
Lifði´ af því sem landið gaf
og flesta næstur fast hann svaf
sem frúin hans veit.
Óli fór á ball í bæinn
borgina sem er við sæinn
kvaddi með sér kerlu sína
kvíðafull þá var hún Stína.
Óli vildi ekki stansa
ólmur vildi bara dans
rúmbu og rokk.
Eftir þetta rokka alla tíð
Óli gamli og Stína ár og síð.
Krakkarnir og kýrnar kunna rokk.
Kátur galar haninn alltaf rokk.
Hreppstjórinn er húfulaus
og oddvitinn er ekki laus
við rúmbu og rokk.

Höfundaskráning: https://www.lettsveitin.is/efnisskr%C3%A1r-1995-2005

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.